

Nafn: Sveitarstjórn Húnaþings vestra

Netfang: skrifstofa@hunathing.is

Skjal sem gert er athugasemd við: Landsskipulagsstefna 2015 - 2026

Fyrirspurn:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026. Lögð er sérstök áhersla á eftirtaldar athugasemdir sambandsins: 1. Í kaflanum um almennar ábendingar: "Skipulagsstofnun ber samkvæmt skipulagslögum að hafa hliðsjón af aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga við gerð landsskipulagsstefnu. Sambandið leggur áherslu á að skjalið beri þess skýrar merki að þess hafi verið gætt í vinnunni. Ekki síst við lokafrágang kafla um skipulag á miðhálandi Íslands. Er þetta sérstaklega mikilvægt með tilliti til þess að aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga taka að meginstefnu við af svæðisskipulagi miðhálandisins þegar það fellur úr gildi um leið og landsskipulagsstefnan hefur verið samþykkt á Alþingi". 2. Í kaflanum um skipulag á miðhálandi Íslands þar sem sagt er: "Sambandið er ekki endilega réttur ábyrgðaraðili á einstökum verkefnum í kaflanum (1.2.3., 3.1.2. og víðar). Frekar ætti að tilgreina einstök sveitarfélög á miðhálandinu þar sem við á. Tílefni er jafnframt til þess að hvetja í landsskipulagsstefnu til meiri samvinnu sveitarfélaga um skipulagsmál á miðhálandinu." 3. Í kaflanum um landnýtingu og skipulag í dreifbýli að orðalag verði skýrt sérstaklega er varðar landnotkun í dreifbýli og sérstaklega haft í huga að "sú stefna má hins vegar ekki verða of stýrandi þannig að sveitarstjórnir eða landeigendur verði svipt skipulagsvaldinu og forræði á nýtingu eigin lands", eins og fram kemur í greinargerð sambandsins frá því mars 2014.

Sent af vef Landsskipulags - www.landsskipulag.is